

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/436*  
*komudagur 28.11.2013*



Nefndasvið Alþingis  
B.t. Kristínar Einarsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2013

**Efni:** Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skaðsemisábyrgð, nr. 25 27. mars 1991, með síðari breytingum (ábyrgð dreifingaraðila) og breytingartillögu allsherjar- og menntanefndar.

### **I. Almennt**

Vísað er til ofangreinds frumvarps og breytingartillögu nefndarinnar frá 19. nóvember 2013 þar sem lagt er til að öflug sönnunarbyrði sé lögð á dreifingaraðila vöru. Félag atvinnurekenda telur þessa breytingu ekki vera til bóta.

### **II. Athugasemdir**

Félag atvinnurekenda gerir nokkrar athugasemdir við umrædda breytingu sem felur í sér nýja sakarlíkindareglu hvað varðar skaðsemistjón. Sakarlíkindareglur eru mjög vandmeðfarnar þegar ágallar á vörum eru annarsvegar. Á það sér í lagi við þegar að dreifingaraðilar eiga í hlut þar sem að slíkir aðilar meðhöndla almennt vörur tiltölulega lítið. Þessum aðilum yrði því oft gert ómögulegt að verjast bótakröfum þar sem að þeir búa ekki yfir gögnum sem "afsanna" að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi þeirra. Við notkun sakarlíkindareglu felst almennt það að líkindi eru fyrir sök viðkomandi aðila og því sönnunarkröfum velt yfir á þann aðila. Á þetta t.d. við um farmtjón á sjó þar sem að ólíklegt er að nokkur annar hafi átt hlut á tjóninu en flutningsaðilinn sjálfur. Í tilfalli dreifingaraðila eru engin slík líkindi fyrir hendi.

Í fyrsta lagi þá er umrætt breytingarákvæði mjög óskýrt. Lagt er til að *dreifingaraðili beri ábyrgð á skaðsemistjóni skv. 2. gr. nema hann sýni fram á að tjónið verði ekki rakið til sakar hans eða vanrækslu.* Í dag er staðan sú að tjónþoli þarf að sanna að til staðar séu (ágallar) skaðlegir eiginleikar vöru, að hann hafi orðið fyrir tjóni og að orsakasamband sé á milli tjónsins annars vegar og hinna skaðlegu eiginleika hins vegar. Í dag er því staðan þannig að tjónþoli þarf ekki að sanna sök eða vanrækslu aðila. Skaðsemisábyrgð er því víðtæk ábyrgð þar sem ekki er krafist saknæmis eða ólögætis af hálfu hins bótaskylda eða starfsmanna hans. Af þeirri ástæðu er erfitt að sjá hvaða þýðingu það hefur að dreifingaraðili þurfi að afsanna sök sína og vanrækslu. Sök, í málum sem þessum, hefur engan þýðingu fyrir tjónþola. Varan er ýmist haldin skaðlegum eiginleikum (ágalla) eða ekki. Sök framleiðanda eða dreifingaraðila hefur ekkert með bótaskyldu að gera. Aðeins sök tjónþola sjálfs getur haft áhrif á eða takmarkað bótaskyldu (eigin sök).

Vert er einnig að benda á að 2. mgr. breytingarinnar leggur þessa sömu bótareglu á dreifingaraðilann þegar hann svo sækir tjón sitt á aðra t.d. framleiðandann: *Dreifingaraðili ber ábyrgð beint gagnvart tjónþola og síðari dreifingaraðilum á tjóni sem fellur undir ákvæði 2. gr. að svo miklu leyti sem tjónið verður rakið til sakar eða vanrækslu af hálfu framleiðanda eða fyrri dreifingaraðila í aðfangakeðjunni.* Þarna þarf sök eða vanrækslu framleiðandans sem er málinu algerlega óviðkomandi. Þetta verður til þess að ábyrgðin verður mest í miðri ábyrgðarkeðjunni og virðist ákvæðið því hlífa framleiðanda á kostnað dreifingaraðila sem líkast til hefur ekkert með ágalla vörunnar að gera.

Í öðru lagi er ljóst að umrædd breyting er í andstöðu við EES skuldbindingar Íslands nánar tiltekið tilskipun 85/374/EEB. Tilskipunin heimilar að dreifingaraðili beri sömu skyldur og framleiðandi þ.e. að tjónþoli geti beint kröfu að honum á sömu forsendum og þeim yrði beint að framleiðanda.<sup>1</sup> Þetta er hins vegar háð því að skilyrði tilskipunarinnar séu uppfyllt. Dreifingaraðili getur hins vegar ekki borðið meiri ábyrgð eða strangari bótaskyldu en framleiðandi vörunnar.

### III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri

---

<sup>1</sup> Sjá niðurstöðu Evrópuþingstólsins í E-402/03: Council Directive 85/374/EEC of 25 July 1985 on the approximation of the laws, regulations and administrative provisions of the Member States concerning liability for defective products must be interpreted as:

- precluding a national rule under which the supplier is answerable, beyond the cases listed exhaustively in Article 3(3) of the directive, for the no-fault liability which the directive establishes and imposes on the producer;
- **not precluding a national rule under which the supplier is answerable without restriction for the producer's fault-based liability.**